

Greinargerð um framkvæmd samnings við Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Starfsáætlun Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir árið 2013 hefur staðist að öllu leyti það sem af er árinu og starfið gengið mjög vel.

Rannsóknastarf

Rannsóknaverkefni Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum eru í fullum gangi og átta erlendir vísindamenn hafa dvalið við rannsóknir í Þekkingarsetrinu á fyrstu sex mánuðum ársins. Til viðbótar við þau verkefni sem upp eru talin hjá Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum í starfsáætluninni bættist við mengunarvöktun með kræklingi við iðjuverin á Grundartanga í Hvalfirði.

Nýir erlendir aðilar sýndu setrinu áhuga, annars vegar með humareldi í huga og hins vegar fræðslu fyrir erlenda grunnskólahópa.

Uppbygging rannsóknastöðvarinnar gengur mjög vel og samkvæmt áætlun.

Þrjár rannsóknir á vegum Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hafa verið gerðar í aðstöðu Þekkingarsetursins það sem af er ári og fleiri eru ráðgerðar síðar á árinu. Þá nýtti Stolt Seafarm rannsóknastöðuna til að kanna þol Senegal Flúru seiða við flutningum á milli landa.

Háskólanám og samþætting þekkingarstarfs

Nemendur í Eiturefnavistfræði, Vettvangsnámskeiði í vistfræði og Fuglafræði við Háskóla Íslands voru hér við nám og aðstoðuðu við rannsóknir í febrúar og maí. Gengu þær heimsóknir mjög vel. Þá komu líffræðinemendur úr HÍ í vel heppnaða vísindaferð í Þekkingarsetrið í byrjun árs.

Þekkingarsetrið býður háskólanemum af Suðurnesjum upp á ókeypis námsaðstöðu sem er þeim opin allan sólarhringinn en hún hefur ekki verið nýtt það sem af er. Nokkrar fyrirspurnir hafa þó borist. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum lagði lið við að auglýsa aðstöðuna, enda

berast þeim reglulega fyrirspurnir frá háskólanemendum sem eru í staðnámi og hafa því ekki aðgang að námsverum MSS. Vel má vera að ástæðan fyrir aðsóknarleysinu sé sú að nemendur búsettir annarsstaðar á Suðurnesjum setji akstur til Sandgerðis fyrir sig.

Tveir nemendur úr Fisktækniskólanum hafa verið í starfskynningu í Þekkingarsetrinu á vorönn 2013.

Þekkingarsetur Suðurnesja veitti tveimur nemendum viðurkenningar fyrir góðan árangur í náttúrufræðigreinum við útskrift Fjölbrautaskóla Suðurnesja annars vegar og Grunnskólans í Sandgerði hins vegar við lok vorannar 2013.

Uppákomur

Ýmsar uppákomur hafa farið fram í Þekkingarsetrinu á árinu. Setrið kom að skipulagningu ráðstefnu Skelræktar sem haldin var 15. mars. Gestum ráðstefnunnar, sem voru um 40 talsins, var að henni lokinni boðið í heimsókn í Þekkingarsetrið þar sem starfsemi þess var kynnt og boðið upp á skoðunarferð um húsið. Aðalfundur Skelræktar var svo haldinn í setrinu laugardaginn 16. mars.

Safnahelgi var haldin á Suðurnesjum 16. og 17. mars og voru sýningar Þekkingarsetursins opnar. Um 200 manns lögðu leið sína í setrið þessa tvo daga. Lifandi sjávardýr voru höfð í sérstökum kerum þar sem gestum gafst tækifæri til að skoða þau í návígi, snerta þau og halda á þeim.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands var haldinn í Þekkingarsetrinu fimmtudaginn 21. mars með um 50 gestum. Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, setti fundinn. Að fundi loknum undirrituðu Katrín Jakobsdóttir, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra og Kristín Ingólfssdóttir samning um rannsóknasetur HÍ.

Fyrsti ársfundur Þekkingarseturs Suðurnesja var haldinn þriðjudaginn 30. apríl. Þar var farið yfir skýrslu stjórnar, ársreikning síðasta árs og starfsáætlun þessa árs.

Þekkingarsetur Suðurnesja fékk tvo styrki frá Menningarráði Suðurnesja sem afhentir voru 2. maí síðastliðinn. Samtals eru þeir að upphæð 1.200.000 kr., annars vegar rekstrarstyrkur vegna sýninga að upphæð 1.000.000 kr. og hins vegar styrkur vegna enskrar þýðingar á sýningunni *Heimskautin heilla* að upphæð 200.000 kr.

Jarðvangsvika var haldin á Reykjanesi frá 10. - 20. maí og var Þekkingarsetrið þátttakandi í henni með opnun sýninga og gönguferð um Garðskaga þar sem starfsmenn Þekkingarsetursins sögðu frá lífríki fjörunnar, fuglalífi á svæðinu og fóru yfir sögu þess.

Undir lok maí var afhjúpaður við hátíðlega athöfn, glæsilegur granítskjöldur yfir aflakónga Sandgerðisbæjar á árunum 1939-1991. Skjöldurinn var gjöf til Sandgerðisbæjar frá Þórhalli Gíslasyni, fyrrum skipstjóra, og afkomendum hans og verður varðveittur og til sýnis í

Þekkingarsetri Suðurnesja. Í kjölfarið bárust setrinu að gjöf tveir verðmætir munir á sýninguna *Heimskautin heilla* frá einum af aflakóngunum.

Fræðsla í tengslum við sýningar Þekkingarsetursins

Ráðist var í miklar endurbætur á náttúrugripasýningu Þekkingarsetursins á fyrri hluta ársins, enda lítið verið gert þar hvað viðhald varðar síðan sýningin var opnuð árið 1995. Rýmið var málað og endurskipulagt með aðstoð sýningahönnuðarins Björns G. Björnssonar. Sýningin er nú mun heildstæðari og aðgengilegri en áður.

Fjöldi skóla af öllum skólastigum hafa komið í heimsókn það sem af er ári en hafa grunnskólar verið fjölmennastir í þeim hópi eða ríflega 20 skólar af Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Yfir 1.000 nemendur hafa skoðað sýningar Þekkingarsetursins og fengið fræðslu og vettvangsnám í náttúrufræðum nú á vorönn 2013.

Nokkrir leikskólar af Suðurnesjum hafa verið í hópi gesta á þessum fyrstu mánuðum ársins auk nemenda frá Fjölbautaskóla Suðurnesja og Fisktækniskólanum. Þá komu hingað þátttakendur í Samvinnu auk fjölda starfsmannahópa og félagasamtaka. Vonir standa til að slíkar heimsóknir eigi enn eftir að aukast í sumar og haust.

Símenntun og samstarf við menntastofnanir og fyrirtæki

Haldin hafa verið fjögur símenntunarnámskeið í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum það sem af er ári og mæting verið góð en alls sóttu um 50 manns námskeiðin. Þátttakendur í einu þeirra, Kræklingatínslu, sameinuðust ferð Háskóla Íslands og Ferðafélagi Íslands í kræklingatínslu í Hvalfjörðinn laugardaginn 27. apríl. Síðasta námskeiðið í þessari námskeiðalotu verður haldið sunnudaginn 21. júlí. Stefnt er að því að halda þessu samstarfi við MSS áfram á haustönn með nýjum námskeiðum.

Samstarf við menntastofnanir á Suðurnesjum hefur staðið yfir alla vorönnina vegna skrifa í Menntavagn Víkurfrétta en síðasta greinin birtist 8. maí síðastliðinn. Samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fisktækniskólann og Keili hefur verið talsvert vegna heimsókna nemendahópa, starfskynninga og kennslu. Í júlí næstkomandi fer af stað sumarnámskeið á vegum Keilis fyrir börn á aldrinum 10-15 ára, svokölluð Tækni- og vísindasmiðja, sem Þekkingarsetrið er aðili að. Þátttakendur munu eyða heilum degi í setrinu og leysa þar ýmis spennandi verkefni.

Þekkingarsetrið var aðili að tveimur verkefnum sem sótt var um IPA styrk fyrir til Evrópusambandsins en nú hefur fengist staðfesting á því að hvorugt verkefnanna hlýtur styrk. Setrið er aðili að verkefni tengdu náttúrufræðikennslu í samstarfi við stoðstofnanir setursins, Grunnskólann í Sandgerði, Sandgerðisbæ og fleiri sem sótt var um Comeniusar styrk fyrir í byrjun ársins en svar varðandi hann hefur enn ekki borist.

Aðkoma Þekkingarsetursins að skipulagningu og framkvæmd starfskynningar er hafin með upplýsingagjöf og gögnum sem komið hefur verið til Atvinnuþróunarfélagsins og Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Stefnt er að því að kynningin verði haldin næsta haust.

Forstöðumaður Þekkingarsetursins heimsótti í febrúar Þekkingarnet Þingeyinga og átti gagnlegan fund með forstöðumanni þess. Samskipti við Háskólafélag Suðurlands hafa einnig verið nokkur og stefnt er að heimsókn þangað síðar á árinu. Forstöðumaður setursins sótti námskeið fyrir stjórnendur um stjórnun og starfsmannamál í apríl síðastliðnum.

Markaðsstarf

Í byrjun ársins var Þekkingarsetrinu veittur 750.000 kr. styrkur úr Vaxtarsamningi Suðurnesja til markaðsstarfs, með áherslu á markaðssetningu meðal erlendra rannsóknastofnana og háskóla. Hafist verður handa við það þýðingarmikla verkefni fljótlega með það að markmiði að auka aðsókn erlendra vísindamanna að rannsóknaaðstöðu Þekkingarsetursins og fjölga þjónustuverkefnum hjá rannsóknastöð setursins.

Mikil áhersla hefur verið lögð á kynningu á Þekkingarsetrinu fyrir skóla, ferðamenn og allan almenning og ýmiskonar kynningarefni hefur verið útbúið undanfarið, bæði á íslensku og ensku. Í byrjun ársins var kynningarbæklingur sem sérstaklega beinist að skólum, sendur á rafrænu formi til allra leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla á landinu og lítur út fyrir að það sé að skila sér í fleiri heimsóknum frá skólum en síðustu ár. Þá birtist góð umfjöllun um Þekkingarsetrið í fyrsta tölublaði Skólavörðunnar árið 2013. Í febrúar var mikil umfjöllun um



olíumengunarrannsóknir Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum í Landanum á RÚV. Heimasíða Þekkingarsetursins www.thekkingarsetur.is var opnuð snemma árs og eru fréttir af stafseminni reglulega settar þangað inn. Þá hefur setrið verið með Facebooksíðu frá síðasta hausti, með mjög reglulegum uppfærslum.

Þekkingarsetrið er auglýst í fjölda bæklinga og bóka er beinast að innlendum og erlendum ferðamönnum, á kortum, heimasíðum og smáforritum sem dæmi. Vonandi leiða næstu mánuðir í ljós hver þessara miðla skilar bestum árangri svo hægt sé að hafa kynningarstarfið sem markvissast.

Ráðstöfun fjárframlags

Yfirlit yfir tekjur og gjöld á fyrstu fimm mánuðum ársins 2013, í samanburði við rekstraráætlun, má sjá á næstu blaðsíðu.

Staða bókhalds Þekkingarseturs Suðurnesja 31. maí 2013:

	Áætluð gjöld 2013	Áætlaðar tekjur 2013	Gjöld 1.1. - 31.5.	Tekjur 1.1 - 31.5.
Fjármagn frá Menntamálaráðuneyti		15.600.000		6.500.000
Fjármagn frá Sandgerðisbæ		4.700.000		4.731.900
Tekjur vegna útseldra verkefna		5.200.000		2.600.000
Leigutekjur vegna húsnæðis		3.120.000		1.300.000
Leigutekjur vegna aðstöðu og aðgangseyrir		1.500.000		1.724.531
Styrkur frá ráðherranefnd um atvinnumál		10.000.000		5.000.000
Styrkir úr Menningarsjóði og Vaxtarsamningi		1.475.000		600.000
Laun og launatengd gjöld	33.498.276		14.203.834	
Rekstur húsnæðis	9.014.000		5.985.140	
Rekstur skrifstofu	2.545.200		1.423.532	
Kostnaður vegna sýninga	1.096.000		217.740	
Tæki, búnaður og áhöld	3.600.000		1.277.755	
Samtals	49.753.476	41.595.000	23.108.001	22.456.431